

AUGLÝSING

um almenna skilmála fyrir sérleyfum til fólksflutninga með almenningsbifreiðum.

Samkvæmt lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru hér með settir eftirfarandi skilmálar fyrir sérleyfum til fólksflutninga á ákveðnum leiðum með bifreiðum, sem samkvæmt skoðunarvottorði rúma fleiri en 6 farþega (almenningsbifreiðum):

1. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðir og fargjöld á hverri leið.

Fargjöld skulu ákveðin af póststjórninni fyrir hver áramót og þá endranær, er breyting á verðlagi eða aðrar ástæður gefa tilefni til þess. Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun póststjórnarinnar og sker þá ráðherra úr, en leita skal áður umsagnar nefndar þeirrar, er um getur í 3. gr. téðra laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

2. Sérleyfishafi skal kappkosta að halda sem bezt ákveðna áætlun um burtfarar- og komutíma bifreiða. Til breytingar á áætlun þarf leyfi póststjórnar og ber að gæta þess, að ekki verði gengið á rétt annara sérleyfishafa.

Ef ferðir breytast eða falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar tilkynna það skriflega eða símleiðis til póststjórnarinnar og tilgreina ástæður.

3. Sérleyfishafi skal hafa umboðsmann á viðkomu- og endastöðvum og birta þar ferðaáætlanir og fargjöld með auglýsingu á hentugum stað.

4. Sérleyfishafi skal annast um að bifreiðastjórar hans í föstum áætlunarferðum færi daglega í þar til gerða bók tölu farþega, vegalengd, sem ekið er, svo og aðrar þær upplýsingar, er máli skipta að dómi póststjórnarinnar í samráði við vegamálastjórnina, til þess að fá vitneskju um rekstur bifreiðanna á hverri leið, svo og hvernig sérleyfishafi fullnægir flutningaþörfinni á leið þeirri, er sérleyfi er veitt fyrir. Skal sérleyfishafi senda póststjórninni heildarskýrslu um þessi atriði um hver áramót, ásamt rekstrarreikningi í því formi, er póststjórnin mælir fyrir um.

5. Póststjórnin ákveður í samráði við vegamálastjóra og sérleyfishafa, hvenær fastar áætlunarferðir skuli byrja að vorinu og hvenær hætta að haustinu á leiðum þeim, sem teppast af ófærð eða snjó nokkurn tíma árs.

6. Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið og má þá enginn annar en sá eða þeir, er slík leyfi hafa fengið, halda uppi með bifreið, er fellur undir lögin um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, ferðum á þessari leið allri eða kafla úr henni.

Atvinnumálaráðherra getur hvenær sem er á sérleyfistímabilinu veitt sérleyfi fyrir kafla úr leið, sem sérleyfi hefir áður verið veitt fyrir.

Sérleyfishafa er skylt að fullnægja flutningaþörfinni á leið þeirri, er hann

hefir fengið sérleyfi fyrir. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, skal einn þeirra eða fleiri vera aðalsérleyfishafi og ber hann eða þeir ábyrgð á því að fullnægja flutningaþörfinni, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

71

15. maí

Póststjórninni er heimilt að undanskilja sérleyfi ferðir á héraðsmót, fjöl-sóttar skemmtanir og önnur slík mannamót, svo og ferðir um Suðurlandsbraut að Lækjarbotnum á sunnudögum og öðrum almennum fridögum, um sumar-tímam. Sömuleiðis hópferðir, þá er samið er í einu lagi um leigu fyrir afnot af allri bifreiðinni, einni eða fleirum.

Sérleyfi má veita eiganda bifreiðar til almenns aksturs án þess að bundið sé við nokkra ákvæðna leið. Er þá heimilt að nota bifreiðina til flutninga á leiðum þeim, þar sem engin sérleyfi eru veitt, svo og til ferða þeirra, sem undanskildar eru sérleyfum.

Gæta skal þess, að ekki sé gengið á rétt annara sérleyfishafa. Verði ágrein-ingur út af skilningi á ákvæðum þessarar greinar, sker póststjórnin úr. Úrskurði hennar má skjóta til ráðherra.

7. Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum verði hlíf við skemmdum eftir því sem unnt er. Þyki vegamálastjóra vegarkafli liggja undir verulegum skemmdum af umferð þungra bifreiða, getur hann í samráði við póststjórnina ákveðið að áætlunarferðir skuli niður falla á meðan svo stendur á.

8. Halda skal bifreiðunum þrífalegum og hreinum að innan og utan, eftir því sem við verður komið. Skal gæta þess að áletrun á skrásetningarmerki sé jafnan vel læsileg.

9. Framan á bifreið, sem er í föstum áætlunarferðum skal merkja greini-lega nafn leiðar.

Í farþegabyrgi skal eftir því sem við verður komið festa upp auglýsingu um fastar áætlunarferðir og fargjöld á leið þeirri, er bifreiðin fer um.

10. Um daglegan vinnutíma bifreiðarstjóra skal gæta ákvæða gildandi reglu-gerðar um hvíldartíma bifreiðarstjóra. Skal gæta þess að ofþreyta ekki bifreiðar-stjóra svo, að nauðsynlegt öryggi við akstur minnki.

11. Sérleyfishafi er skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypis, eftir reglum sem póststjórnin setur.

12. Heimilt er póststjórninni að taka í sínar hendur fyrir gjald, sem hún ákveður, afgreiðslu bifreiða, er sérleyfi hafa fengið til fastra áætlunarferða, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem til þess að koma betra skipulagi á sölu farmiða og afgreiðslu bifreiðanna að öðru leyti.

13. Að því leyti sem sérleyfi til fólksflutninga á ákveðinni leið er ekki tak-markað við ákvæðna tölu bifreiða, skal sérleyfishafi fullnægja flutningaþörfinni og sker póststjórnin úr, ef um er deilt. Skytt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bílar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, er póststjórnin tekur gilda.

14. Sérleyfishafi og bifreiðarstjórar hans skulu jafnan gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

15. Skytt er sérleyfishafa að kaupa og halda við tryggingu fyrir bifreiðir

71 sínar samkvæmt ákvæðum laga um notkun bifreiða. Nær tryggingarskyldan
15. maí einnig til bifreiða sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru til fólks-
flutninga endrum og sinnum, svo og til bifreiða, er flytja að staðaldri fram-
leiðsluvörur bænda, en rúma fleiri en sex farþega.

16. Heimilt er pósthjórnninni að nota eigin bifreiðar til áætlunarferða á þeim
leiðum, er áður hefir verið veitt sérleyfi fyrir, ef henni þykir henta.

17. Sérleyfishafar eiga rétt á að kjósa þrjá menn í nefnd, samkvæmt reglum,
er atvinnumálaráðherra setur, er gerir tillögur til pósthjórnnarinnar um fyrir-
komulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt sérleyfislögum.

18. Sérleyfishafa er skylt að fylgja ákvæðum framangreindra laga og reglu-
gerða og skilmála sem settir eru samkvæmt þeim, sem og að hlíta breytingum,
sem gerðar kunna að verða á lögum eða á ákvæðum, sem sett eru samkvæmt
þeim, þar á meðal um sérleyfistímann, og una við þær breytingar, sem ráðu-
neytið kann að vilja gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfis-
höfum, svo og annari tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

19. Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem
settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum og skal hann þá tilkynna
pósthjórnninni með tveggja mánaða fyrirvara.

20. Viðurlög við brotum gegn skilmálum þessum eru hin sömu og greinir í
8. gr. laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Þetta birtist almenningi til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

72

27. maí

F Y R I R M Æ L I

um mat á þurrkuðum fiskúrgangi.

Samkvæmt lögum nr. 9 9. janúar 1935, um mat á fiskúrgangi, eru hérmeð
sett eftirfarandi fyriræli:

1. gr.

Matsmenn á þurrkuðum fiskbeinum skulu leggja stund á að vera sem fær-
astir í að geta dæmt um gæði beina og aðgreiningu í gæðaflokka.

2. gr.

Matið skal framkvæmt af einum eða fleiri matsmönnum um leið eða rétt
áður en afhending til kaupanda fer fram.

Sá, sem metið er fyrir, skal hafa beinin í hrúgum eða hlöðum, svo matsmaður
geti auðveldlega náð til sýnishorna þaðan og fengið glöggt yfirlit yfir gæði bein-